

✉ Re: Umsagnarbeiðni

Búið til	6.8.2021 11:31:54
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	6.8.2021 11:31:54
Tilheyrir	 202107-0014 - Breikkun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni í Hafnarfirði

Efni

Re: Umsagnarbeiðni

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	6.8.2021 11:31:54	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Jakob.Gunnarsson@skipulag.is, skipulag@skipulag.is, Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is

Innihald

<p>Góðan daginn,</p> <p>Tilvísun í mál nr. 202107-0014 (SS).</p> <p>Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun dags. 6. júlí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum breikkun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni.</p> <p>Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir á fyrri stigum umhverfismatsins m.a. umsögn um tillögu að matsáætlun frá 16. október 2020 og um endanlega matsáætlun 15. desember 2020. Einnig hefur stofnunin veitt umsagnir til Hafnafjarðarbæjar um aðalskipulagsbreytingar tengt framkvæmdinni.</p> <p>Þá kom Náttúrufræðistofnun beint að umhverfismatinu, þ.s. sérfræðingar stofnunarinnar tóku saman upplýsingar og framkvæmdu nýjar athuganir á vettvangi varðandi fuglalíf og gróðurfar. Niðurstöður þeirrar vinnu er að finna í skýrslunni „Breikkun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni: úttekt á vistgerðum, flóru og fuglalífi“ frá 2020.</p> <p>Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér grunnmatsskýrsluna. Það er mat stofnunarinnar að skýrslan sé í það heila mjög vönduð og ítarleg. Almenn er vel greint frá framkvæmdaþáttum, helstu umhverfisþáttum og mögulegum umhverfisáhrifum. Framsetning upplýsinga er skýr og m.a. mikið stuðst við margvíslegt myndefni, kort, ljósmyndir og aðrar skýringarmyndir sem er afar gagnlegt.</p>

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri varðandi framkvæmdina og frummatsskýrsluna:

Ljóst er að framkvæmd af þessari stærðargráðu fylgir umtalsvert rask. Eins og kemur fram í frummatsskýrslunni hefur raskið áhrif á ýmsar náttúruminjar með umtalsvert verndargildi. Þar er um að ræða jarðminjar, landslag, búsvæði fugla, vistgerðir og vaxtarstaði friðlýstra plöntutegunda og/eða válistategunda sem og annarra sjaldgæfra plantna. Þá mun framkvæmdin þrengja að og valda nokkru raski á afar sérstæðu náttúruverndarsvæði sem er fjörusvæðið og tjarnirnar í Straumsvík og er m.a. á gildandi náttúruminjaskrá. Mikilvægt er að horft sé til einstakra framkvæmdaliða með tilliti til áhrifamatsins og lagt mat á hvort nægjanlegur rökstuðningur sé fyrir nauðsyn, framkvæmd og útfærslu þeirra með sértæk, staðbundin umhverfisáhrif þeirra til hliðsjónar.

Tvöföldun Reykjanesbrautar

Meginframkvæmdaliðurinn er sjálf tvöföldunin sem nær yfir allt áhrifasvæðið frá vestri til austurs eða 5,6 km kafla. Breikkunin er fyrst og fremst til suðurs frá núverandi legu. Við breikkunina verður rask á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Mest verður röskunin í Hrótagjárdyngjuhrauni þar sem stærstur hluti þess sunnan núverandi vegstæðis Reykjanesbrautar er lítt raskað. Einnig mun tvöföldunin valda raski á Skúlatúnshrauni austarlega á framkvæmdasvæðinu. Kapelluhraun er á þessu svæði nær alveg raskað fyrir. Landslagsáhrif af breikkuninni eru metin frekar lítil þar sem vegstæðið helst hið sama. Ljóst er að vaxtarstaðir fágætra plöntutegunda munu raskast þar á meðal 8-10 vaxtarstaðir blátoppu sem er á válista og 1-2 vaxtarstaðir ferlaufungs sem er friðlýst plöntutegund.

Viðkvæmasta náttúrusvæðið sem getur orðið fyrir áhrifum af tvöfölduninni er Straumsvík og hinar einstöku ísóltu tjarnir sem þar finnast. Hugsanlegt er að áhrif verði á grunnvatnsstreymi norðan megin við veginn þannig að seltustig þeirra aukist. Sunnan Reykjanesbrautar gæti breikkunin orðið til þess að dragi úr áhrifum sjávarfalla í ferskvatnstjórnum þar en slíkar aðstæður þykja einstæðar jafnvel á heimsvísu. Allar breytingar á eðli tjarnanna geta haft áhrif á lífríki þeirra. Hafrannsóknarstofnun býr yfir mestri þekkingu um lífríki tjarnanna og möguleg áhrif framkvæmdanna á þær og verður því ekki vikið nánar að því í þessari umsögn. Náttúrufræðistofnun telur þó að í umfjöllun frummatsskýrslunnar um áhrif á tjarnirnar er frekar lítið fjallað um mögulegar breytingar á grunnvatnsstreymi eða áhrifum sjávarfalla á tjarnirnar vegna breikkunar Reykjanesbrautar og gerðar bráðabirgðartengivegs eða göngu/hjólástígs í Straumsvík. Vitað er að grunnvatnsstreymið er öflugt þarna undir þar sem hraunið er mjög lekt en ekki er sérstaklega lagt mat á það í hættumatsgreiningunni hvort hætta sé á að streymið verði fyrir breytingum. Meiri áhersla er lögð á að fjalla um dreifingu mengandi efna og lagt mat á hættuna á því. Lítið er vitað um hvort bygging Reykjanesbrautar á sínum tíma hafi valdið einhverjum breytingum á grunnvatnsrennsli og/eða vatnafari tjarnanna sitt hvorum megin við. Eðlilegt hefði verið í þeim athugunum sem gerðar voru á vatnafari svæðisins í þessu umhverfismati að leggja mat á hættuna á mögulegum breytingum í kjölfar tvöföldunar og greina frá mótvægisáðgerðum t.d. í efnisvali til að tryggja að grunnvatnsrennslið haldist sem jafnast.

Ekki er efast um tilgang framkvæmdarinnar við tvöföldun Reykjanesbrautar þar sem umferðaröryggi mun aukast til muna á vegi þar sem alvarleg slys hafa verið nokkuð algeng. Að því sögðu þarf að huga vel að útfærslum og mögulegum mótvægisáðgerðum á viðkvæmustu stöðum til að draga úr neikvæðum áhrifum á náttúrufer.

Meðal mótvægisáðgerða sem mætti skoða sérstaklega er tilflutningur á gróðurtorfum sem í eru fágætar plöntutegundir. Þetta ætti að vera sérstaklega fýsilegt fyrir blátoppu sem vex í mólendi og myndar nokkuð þetta vel afmarkaða hnausa sem ættu að þola tilfærslur ef vandað er til verka. Erfiðara gæti reynst að flytja til plöntur sem vaxa í sprungum í hrauni svo sem burknategundir og sérstaklega ferlaufung sem er viðkvæm planta. Því er mjög mikilvægt að forðast sé óþarfa rask á vaxtarstöðum þeirra eins og hægt er.

Mislæg gatnamót við Rauðamel

Við Rauðamel eru áætluð mislæg gatnamót með hringtorgum bæði norðan og sunnan vegin við Reykjanesbrautina. Þessi gatnamót eru áætluð á lítt röskuðu svæði sem tilheyrir Hrótagjárdyngjuhrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hefur verið metið með hátt verndargildi (Kristján Jónasson o.fl. 2018). Á framkvæmdasvæðinu er lítt snortin helluhraunbreiða, með áberandi rishólum sem víða eru í sprungur.

Hólarnir og sprungurnar setja mikinn svip á landslagið. Þá er hraunið mjög gróðursælt, þar er náttúrulegt kjarr og sérstaklega er mikið af gróðri í sprungunum. Ferlaufungur sem er friðlýst plöntutegund fannst á einum stað innan framkvæmdasvæðis sunnan við Reykjanesbraut. Ekki er hægt að útiloka að hann finnist víðar. Þá er töluvert um sjaldgæfar plöntutegundir einkum burknategundir í hraunsprungum á svæðinu. Þessir vaxtarstaðir munu raskast að stórum hluta við gerð mislægu gatnamótana, einkum hringtorgana.

Eins og komið hefur fram í fyrri umsögnum Náttúrufræðistofnunar um framkvæmdina telur stofnunin að tilgangur og þörf þessara mislægu gatnamóta hafi ekki verið nægjanlega skýr. Í frummatsskýrslunni er því miður þörfin ekki rökstudd á fullnægjandi hátt. Sagt er að tilgangur gatnamótanna sé framtíðartenging við Straum og við framtíðaruppbyggingarsvæði á Öttarsstaða- og Lónakotslandi. Engin áform um framtíðaruppbyggingu hafa verið samþykkt í aðalskipulagi Hafnarfjarðar og í raun ekki skýrt skipulag í gildi á þessu svæði. Engar opinberar tillögur liggja fyrir um þessi framtíðaráform og ekkert mat hefur verið lagt á umhverfisáhrif þeirra. Ekki liggur heldur fyrir tillaga að framtíðarvegtengingu fyrir Straum. Ljóst er að möguleg uppbygging og vegagerð á þessu svæði norðan Reykjanesbrautar mun fela í sér mikið óafturkræft rask á Hrótagjárdyngjuhrauni og á svæðum á gildandi náttúruminjaskrá. Formleg ferli ákvarðana er varða skipulag og umhverfismat þessara áforma eiga eftir að eiga sér stað og ekkert í hendi um að af þeim verði. Því eru engar staðfestar forsendur fyrir því að þörf sé á mislægu gatnamótum við Rauðamel að svo stöddu. Í ljósi þeirra allmörgu neikvæðu umhverfisáhrifa sem framkvæmd gatnamótanna felur í sér er það mat stofnunarinnar að ekki sé hægt að réttlæta framkvæmd þeirra á þessu stigi meðan óvissa er um framtíðarhlutverk þeirra. Réttast væri því að fella út þennan framkvæmdalið. Þannig mætti minnka töluvert það svæði með ósnortnu hrauni sem myndi raskast í heildarframkvæmdinni sem og hlífa fundarstöðum fágætra plantna m.a. ferlaufungs sem er á valista.

Gatnamót við Straumsvík og tengivegur til Álhellu

Við gatnamótin sem liggja að álverinu í Straumsvík er áætluð breyting á núverandi mislægum gatnamótum og tengivegi sem liggur suður til Álhellu. Tengivegurinn er 0.6 km langur og 8 m breiður. Tengivegurinn mun valda raski á lítt snortnu hrauni sem tilheyrir Hrótagjárdyngjuhrauni m.a. einum áberandi rishrygg með áslægri sprungu. Einhver búsvæði mófugla munu raskast og töluvert af gróðri m.a. vaxtarstaðir fágætra plöntutegunda svo sem burknategunda. Einnig er ekki hægt að útiloka áhrif á Gerðistjörn og lífríki hennar.

Náttúrufræðistofnun telur að sýna hefði mátt fram á fleiri valkosti fyrir tengiveg í Helluhraunshverfið. Til að mynda hefði tengivegur um 200 metrum austar, þar sem vegslóði er í dag á röskuðu svæði vestast í Kapelluhrauni, valdið nær engu raski og ekki þurft að vera eins langur. Það vekur nokkra furðu að sá valkostur eða svipaður hafi ekki verið til skoðunar í umhverfismatinu. Ekki hafa verið gefnar skýringar á því hvers vegna svo er, einungis sagt að það sé ekki unnt að hliðra tengiveginum (bls. 67).

Vegtenging eða göngu/hjólastígur að Straumi

Að lokum er gert ráð fyrir bráðabirgðavegtengingu að Straumi og tveir valkostir kynntir. Annar þeirra gerir ráð fyrir vegtengingu norðan megin við Reykjanesbraut sem mun valda raski á syðstu tjörnnum í Straumsvík. Hinn valkosturinn gerir ráð fyrir T-vegumótum á Reykjanesbraut en göngu- og hjólastíg meðfram Reykjanesbraut frá álverinu að Straumi sem einnig mun valda raski í Straumsvík en í minna mæli en vegtenging. Ásýndaráhrif af báðum valkostum eru nokkur fyrir svæðið við Straumsvík. Áhrif á lífríki svæðisins vega þó þyngst einkum á lífríki hinna einstöku ísöltu tjarna sem næstar eru Reykjanesbrautinni. Því meira rask sem er til staðar því meiri hætta er á að lífríki þeirra verði fyrir hnjaski. Straumsvík er einnig mikilvægt fuglasvæði, bæði fjörurnar og ísöltu tjarnirnar, og ljóst að því nær sem er gengið svæðinu með framkvæmdum mun meiri truflun verða fyrir fuglalífið. Rask á gróðurfari í Straumsvík er minniháttar en þó skiptir þar máli sjávarfitungsvist sem er vistgerð með hátt verndargildi.

Náttúrufræðistofnun telur augljóst að af valkostunum tveimur sé valkostur 1b mun betri kostur og að lagning á vegi sem einungis er hugsaður til bráðabirgða sé ekki réttlætanlegur rökstuðningur fyrir raski á þeim einstöku náttúruminum sem tjarnirnar í Straumsvík og nánasta umhverfi þeirra er. Ekki er tekin afstaða hér hvort göngu- og hjólastígur á þessum stað sé nauðsynlegur eður ei en ljóst að framkvæmd á þeim stíg ætti að útfæra þannig að rask sé með sem allra minnsta móti. Í frummatsskýrslunni er greint frá kröfum fyrir framkvæmdina t.d. varðandi umferð og aðbúnað vinnuvéla og skýra afmörkun á framkvæmdasvæði. Þá er stefnt að því að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að olíumengun berist ofan af Reykjanesbraut. Einnig ætti að gera ráðstafanir að mengun geti ekki borist frá tengivegi eða göngu/hjólastíg.

Aðrir framkvæmdaliðir

Áætluð undirgöng austan við skólphreinsistöð og eftirlitsstaðir fyrir umferðareftirlit eru frekar litlir framkvæmdaliðir þegar heildarsamhengi framkvæmdarinnar er skoðað og ekki ástæða til að gera sérstakar athugasemdir við þá.

Samantekt

Tvöföldun Reykjanesbrautar og tengdar framkvæmdir munu óneitanlega valda umtalsverðu raski á viðkvæmu náttúrusvæði með hátt verndargildi. Frummatsskýrslan fjallar ítarlega og vandlega um umhverfisáhrif einstakra framkvæmdaliða á allmarga umhverfisþætti og gerir Náttúrufræðistofnun Íslands ekki athugasemdir við umfjöllunina eða endanlegt mat á umhverfisáhrifum einstakra þátta. Helst er saknað meiri umfjöllunar um möguleg áhrif á grunnvatnsstreymi við Straumsvík.

Náttúrufræðistofnun telur skorta betri rökstuðning og útskýringar á þörfinni á mislægum gatnamótum við Rauðamel þar sem mikið rask verður á hraunmyndunum með hátt verndargildi og fundarstöðum sjaldgæfra plantna. Einnig vantar rökstuðning fyrir staðsetningu vegtengingar að Álhelli þegar vegslóði á röskuðu Kapelluhrauni er skammt frá og hægt væri að nota. Þá þarf að forðast rask á tjörnum í Straumsvík eins og hægt er því þar eru einstök vistkerfi sem ber að vernda. Af tveimur valkostum varðandi vegtengingu að Straumi telur Náttúrufræðistofnun að velja eigi valkost 1b.

Heimildir:

Kristján Jónasson, Rannveig Thoroddsen, Borgný Katrínardóttir, Svenja N. V. Auhage, Birgir Vilhelm Óskarsson og Sigmar Metúsalemsson. 2018. Úttekt á náttúrufari vegna Suðurnesjalínu 2. Unnið fyrir VSÓ-ráðgjöf, f.h. Landsnets. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Rannveig Thoroddsen, Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Borgný Katrínardóttir, Svenja N. V. Auhage og Sigmar Metúsalemsson. 2020. Breikkun Reykjanesbrautar milli Krýsuvíkurvegar og Hvassahrauns: úttekt á vistgerðum, flóru og fuglalífi. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Jakob Gunnarsson - SLS" <Jakob.Gunnarsson@skipulag.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Umsagnarbeiðni

Date: 8.7.2021 09:36:16

Meðfylgjandi er umsagnarbeiðni og frummatsskýrsla um Breikkun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni í Hafnarfirði. Viðaukar verða aðgengilegir á vefsíðu Skipulagsstofnunar eftir morgundaginn.

Jakob Gunnarsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

Jakob.Gunnarsson@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.png (5 KB)